

REGLUGJÖRÐ

69

30. ágúst

um

fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Hver hreppur er deild út af fyrir sig og kaupstaðurinn ein. Sýslunefndin hefir yfirstjórn allra fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi og bæjarstjórn yfirstjórn og framkvæmd í kaupstaðnum.

I. Um fjallskil.

2. gr.

Sveitarstjórn í hverri deild hefir heimild til að annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar. Er hver fjáreigandi skyldur til að reka fje sitt á fjall, samkvæmt því, sem sveitarstjórn kann að skipa fyrir, nema hann hafi útvegað sjer upprekstrarland annarsstaðar. Sveitarstjórnin í hverri deild getur samið, reglur um notkun upprekstrarlands. Hver fjáreigandi, sem eigi á afrjettarland, skal skyldur að borga hagatoll, 10 aura fyrir hverja kind til jafnaðar.

3. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark á fje sínu, og, ef hann vill, eða ef mark verður óglögt, brennimark eða önnur skýlaus einkenni. Auk þess skal hann merkja alt fje sitt, veturgamalt og eldra, sem hornótt er, framan á hægri horni með brennimarki þeirrar deildar, sem hann verður heimilisfastur í í farðögum, og jafnframt afmá brennimark þeirrar deildar, er hann flutti úr. Sama eyrnamark má hann hafa á hestum sínum. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auðþekt sje. Hver deild skal hafa brennimark. Eyrnamark má hún og hafa.

4. gr.

Brennimörk deildanna skulu vera þessi:

Í Skeggjastaðahreppi	N. 1
– Vopnafjarðahreppi	N. 2
– Jökuldalshreppi	N. 3
– Hlíðahreppi	N. 4
– Tunguhreppi	N. 5

69

30. ágúst

Í Fellshreppi	N. 6
– Fljótsdalshreppi	N. 7
– Hjaltastaðahreppi	N. 8
– Borgarfjarðahreppi	N. 9
– Loðmundarfjarðahreppi	N. 10
– Seyðisfjarðahreppi	N. 11
– Seyðisfjarðarkaupstaður	N. 12

Hverjir, sem kaupa fje til slátrunar á haustum, skulu þegar merkja hverja kind þannig, að í hnakka hennar aftan við sneggjuna sje snoðkliptur blettur, ekki minni en 3 cm. á lengd og 1. cm. á breidd. Auk þess skulu þeir merkja fje sitt með öðru skýru auðkenni, anilinlit eða máli, þó ekki þannig, að hið klipta merki óskýrist.

5. gr.

Hver sveitarstjórn skal safna mörkum til nýrrar markaskrár, að minsta kosti 5. hvert ár, eftir ákvörðun sýslunefndar. Skal hver markeigandi skýra greinilega frá mörkum sínum. Sýslunefndin sjer um niðurröðun markanna og prentun markaskrár. Enginn hefir leyfi til að taka upp mörk þau, er standa í gildandi markaskrá umdæmisins. Sýslunefndin ákveður í hvert sinn, er mörkum er safnað, hvað borga skuli fyrir hvert mark. Hver markeigandi sendi borgun með mörkum sínum til þess, er mörkum safnar í hans sveitarfjelagi, en sýslusjóður kostar svo útgáfu markaskrárinnar. Um leið og nýrri markaskrá er útbýtt, falla úr gildi gömlu markaskrárnar sem sönnunargagn fyrir eignarrjetti til fjár. Nýjum markaskráum skal útbýtt svo tímanlega, að þær sjeu komnar á hvert heimili fyrir 1. löggöngur á því ári, sem þær eiga að koma til notkunar. Sýslunefndin felur þeim, er mörkum safnar, að ráða fram úr vandræðum út af sammerkingum í samráði við oddvita sýslunefndar.

6. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru notuð í gildandi markaskrá sýslunnar og kaupstaðarins, t. d. þeir, sem flust hafa úr öðrum sýslum, þá skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir sveitarstjórn, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal sveitarstjórnin skrifa upp og senda, áður en 10 vikur eru af sumri, til sveitarstjórnar í nálægum sveitum, þar sem helst eru fjársamgöngur. Ber hlut-aðeigandi sveitarstjórn að sjá um, að mörkin sjeu færð inn í gildandi markaskrár.

Eigi maður, sem flytur í fjallskilaumdæmið, sammerkt manni, sem fyrir er, og hagi svo til, að misdráttur geti stafað af, þá skal sá, sem aðfluttur er, breyta marki sínu. Þeir, sem vanrækja þetta, mega búast við, að farið sje með fje þeirra sem vafafje.

7. gr.

Þrennar skulu vera löggöngur hvert haust með viku millibili, eða því sem

næst. Skal byrja hina fyrstu í Norður-Múlasýslu vestan Lagarfljóts mánudaginn í 22. viku sumars, en í Norður-Múlasýslu austan Lagarfljóts og Seyðis-30 fjarðarkaupstað viku seinna. Ef veður bannar göngur eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir. Ef sveitarstjórn þykir ástæða til vegna ískyggilegs tíðarfars, fjármarkaða eða annara orsaka, getur hún skipað göngur fyr en ákveðið er, og skulu menn skyldir að hlýða því.

Verði samkomulag milli sveitarstjórna í fjórum hreppum af sjö, vestan Lagarfljóts, um frestun gangna um eina viku, þá er það heimilt, enda tilkynni þær hinum sveitunum það fyrir 20. helgi sumars.

8. gr.

Skipa má sveitarstjórn aukagöngur, þegar hún álítur nauðsynlegt.

9. gr.

Skipa mega sveitarstjórnir eina eða tvær löggöngur hvert vor, þegar safna þarf geldfje til rúningar, og skulu oddvitar sveitarstjórna koma sjer fyrirfram saman um göngudagana, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver fjáreigandi skyldur að gera fjallskil á þann hátt, er sveitarstjórn ákveður, enda tiltekur hún kaup göngumanna. Sveitarstjórn skal meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs og jafna honum á alla sauðfjáreigendur þannig, að jafnt gjald komi fyrir hverja kind. Sveitarstjórn ræður menn auk þess til gangna, ef þörf gerist.

11. gr.

Sveitarstjórn skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrirfram til hverra gangna; ákveða þar, hverjir leggja skuli menn á hvert gangna-svæði, og kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna; þar skal og nefna til þá menn, er fara skulu í rjettir næstu sveita, til að sækja fje sinnar sveitar, sömuleiðis þá, sem reka skulu fje til næstu sveita. Oddvitar þeirra sveita, er afrjettarlönd eiga saman, skulu í tíma koma sjer saman um tilhögun á fjallskilum og fjárrekstrum milli sveitanna. Geti slíkt samkomulag ekki komist á um rekstra milli hreppa eftir göngur, skal hver hreppur sækja sitt fje.

12. gr.

Sá, er rekur fje á utansveitarafrjett, tilkynni það sinni sveitarstjórn. Svo er og hver sá, er rjett hefir til að taka fje utansveitar í afrjettarland sitt, skyldur til að tilkynna sveitarstjórn sinni í tæka tíð, hve marga menn hann fær í göngu til smölunar á því fje, er hann hefir tekið.

69

30. ágúst

13. gr.

Nú gengur margt fje leyfislaust á afrjett annarar sveitar, og skal þá sveitarstjórn þeirrar sveitar, er fje á, skyld til að kveðja menn í 1. og 2. göngu í þær sveitir, er fyrir ágangi verða, eftir kröfu sveitarstjórnar. Skal einn maður sendur fyrir fyrstu 1000 kindur og einn maður fyrir hverjar 500, sem þar er yfir. Krafa um slíka göngumenn skal byggð á fjártölu í 1. skilarjettum næsta haust á undan.

14. gr.

Þegar margt fje gengur leyfislaust á afrjetti annarar sveitar, skal sveitarstjórn þeirrar sveitar, er fje á, skyld til að greiða úr sveitarsjóði hálfan hagatoll, 5 aura fyrir hverja kind, sveitarstjórn þeirrar sveitar, er varð fyrir áganginum. Hagatollur miðast við fjártölu, sem fyrir kemur í fyrstu skilarjettum á hverju hausti. Rjettarstjóri ber ábyrgð á, að rjett sje talið fje hverrar sveitar.

15. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í göngur eftir fyrirmælum sveitarstjórnar. Leggi hann eigi liðgengan mann í göngur, varðar það sektum. Þó skal húsbóndi annast um fjallskil hjúa sinna og annara, sem eru á vegum hans, gegn endurgjaldi frá þeim.

16. gr.

Sýslubúar geta skotið máli sínu undir úrskurð sýslunefndar, þyki þeim sjer gerð of há fjallskil, og fá þá endurgjaldsgreiðslu, falli úrskurður sýslunefndarinnar þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórnar.

17. gr.

Á víðlendum afrjettum getur sveitarstjórn, á kostnað sveitarsjóðs, látið byggja göngukofa og tættur til að hýsa fje í.

18. gr.

Gangnaforingi stjórnar göngum og eru allir leitarmenn skyldir til að hlýða honum. Skyldur er hann að skýra sveitarstjórn frá því, ef einhver hefir óhlýðnast honum, vanrækt að senda menn í göngur eða sent óliðgengan mann í þær. Óhlýðni við gangnaforingja varðar sektum. Sektum varðar og, ef gangnaforingi vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni.

19. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverri sveit, þar sem verið hafa, eða þar sem sveitarstjórn ákveður, og tiltekur hún, hver gangnasvæði tilheyra hverri lögrjett. Þegar lögrjett skal byggja eða bæta, hefir sveitarstjórn framkvæmd þess

máls og jafnar kostnaðinum á fjáreigendur. Til lögrjettar hvernar skal reka 69
alt fje af því svæði, sem heyrir lögrjettinni til. 30. ágúst

20. gr.

Sveitarstjórn skal skipa rjettarstjóra í hverri lögrjett. Hann skal sjá um, að dráttur á fjenu fari fram fljótt og skipulega og ráðstafar rekstrum og vafafje og óskilafje; yfir höfuð skal hann sjá um góða reglu í rjettinni, og varðar óhlýðni sektum.

21. gr.

Vafafje er það, sem mark finst ekki á í gildandi markaskrá, og ómerkingar, er ekki finnast mæður að í rjettum, svo og það fje, sem tveir eða fleiri eiga mark á og mikill vafi leikur á, hver er eigandi að. Einnig það fje, er svo ógreinilega er markað, að ekki verður lesið úr af sveitarstjórn eða mönnum, er hún kveður til þess.

22. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að láta selja ómerkinga, sem ekki finnast mæður að, á opinberum uppboðsþingum í rjettum, en annað vafafje og óskilafje skal ekki selt fyrir veturnætur, en tilkynna skal eigendum óskilafjárins söluna sem fyrst.

..

23. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um alt vafafje, er selt hefir verið í hreppi hans, og greiði auglýsingagjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndarinnar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafje sje birt, í einu lagi, í einhverju útbreiddu blaði, fyrir lok desembermánaðar.

24. gr.

Fram að fardögum næstu geta menn sannað eignarrjett sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrjett sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

25. gr.

Peir, sem taka við rekstrum hjá hausrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri ákveður. Sveitarstjórn skal ákveða rekstrarleið. Ef ágreiningur verður um rekstrarleið milli sveita, sker sýslunefnd úr, eða sýslunefnd og bæjarstjórn.

26. gr.

Rekstrar skulu ganga bæ frá bæ svo greiðlega, sem kostur er á, og skal

69 gæta góðrar meðferðar á fjenu. Ill meðferð á rekstrum varðar sektum, svo 30 ágúst og, ef þeim er slept eða af þeim týnt.

27. gr.

Nú fer einhver í eftirleit, ótilkvaddur af sveitarstjórn, eftir Marteinsmessu, og finnur fje á afrjett; skal hann þá fá í fundarlaun 20% af verði kindanna, eftir mati sveitarstjórnar þeirrar sveitar, þar sem fjeð finst.

28. gr.

Pegar áfelli dettur á milli gangna eða eftir göngur, svo að hýsa þurfi og gefa utansveitarfje, þá skal þar hirða, sem það er statt, ef kringumstæður leyfa. Að öðru leyti ráðstafar sveitarstjórn því, sem henni þykir best við eiga, þangað til kostur er á að koma því til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár skal greiða þeim, er það taka, ef þeir krefjast þess, eftir sanngjörnum reikningi. Skal sá, er fjeð fóðrar og hirðir, eiga aðgang að sinni sveitarstjórn með borgun fyrir kostnað sinn. Hún skal aftur eiga aðgang að sveitarstjórninni þar sem fjeð á heima, og skal hún láta fylgja reikningnum yfir kostnaðinn, skrá yfir mörk á kindum þeim, er kostnaðinn leiddi af.

II. *Um refaveiðar.*

29. gr.

Grenjaleitir skulu faldar mönnum, sem álitnir eru best til þess fallnir. Velur sveitarstjórn grenjaleitarmenn og greiðir þeim úr sveitarsjóði daglaun eftir samkomulagi.

30. gr.

Sveitarstjórnir skulu útvega skotmenn nógu snemma vor hvert. Jafn-skjótt og gren finnast, skal tafarlaust gera skotmanni aðvart um það; en þangað til næst til hans, skal varast allan umgang um grenið og alt, sem styggja kynni tófurar.

Búanda, er gren finnast í landi, er skylt að leggja til vökumann á gren með skotmanni, ef skotmaður kýs, ella ræður hann sjálfur vökumann. Eigi má skotmaður fara af greni fyr en 3 sólarhringar eru liðnir frá því er hann kom þar, nema hann hafi alunnið það, eða hreppsnefnd leyfir, nema veikindi eða önnur forföll neyði til. En vökumaður annast gren eftir fyrirmælum skotmanns. Sektum varðar, ef út af er brugðið.

31. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn ræður skotmann og vökumann, og greiðir þeim kaup fyrir starf þeirra eftir samkomulagi. Auk þess skal skotmaður fá borgun fyrir fullorðin dýr og yrðlinga, er hann vinnur á greni hverju, eftir sam-

komulagi við sveitarstjórn. Hvort skotmaður eða sveitarstjórn fær yrðlinga til eignar, fer eftir samningum þeirra á milli.

69

30. ágúst

32. gr.

Refum skal eyða með eitri (Strychnin) og skal til þess bera út eitrad æti, svo sem rjúpur, kindur í heilu líki, annað kjöt, silung og fisk og þessháttar. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálf. Sveitarstjórn segir fyrir um eitrun og útburð ætis, og skal sveitarstjórnin skipa hæfa menn til að framkvæma það.

33. gr.

Allan kostnað við refaveiðar, annan en þann, sem um getur í næstu grein hjer á eftir, skal borga af sveitarsjóði; en skyldugir eru þó búendur endurgjaldslaust að bera eitrad æti út í heimalönd sín og nálægar afrjettir.

34. gr.

Nú sýnir einhver maður í sýslunni, eða kaupstaðnum, dugnað í því að eyða refum á annan hátt en með eitri, svo sem með skotum, gildrum, bogum eða dýrhundi, og skal þá borga úr sýslusjóði (bæjarsjóði) 15 kr. fyrir hvert dýr. En eigi fæst fjeð útborgað, nema hreppsnefndaroddvita (bæjarstjóra) í þeirri sveit, sem dýr eru unnin, sje sýnt skinnið; sker hann þá mark í ilveginn og gefur vottorð um.

35. gr.

Sveitarstjórn skal safna skýrslum um öll gren. Skal þar talið nafn á öllum grenjum og í fám orðum lýst landslagi umhverfis þau. Skýrsla þessi skal endurnýjuð 5. hvert ár, þegar ártal endar á 5 og 0, og þá innfærð í sveitarbækur og sýslunefnd sent eftirrit af henni. Svo skal og sveitarstjórn skylt að hlaða vörðu, að haustlagi, við öll gren. Sömuleiðis skal laga skemd gren, sem auðunnin eru, en ónýta gren þau, er ilt er að vinna, ef það er eigi því meiri kostnaði bundið.

III. *Um refaeldi.*

36. gr.

Hver sá, er ala vill yrðlinga, til þess að nota skinn þeirra sem verslunarvöru, verður að fá, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, leyfi til þess hjá sýslumanni. Leyfið veitir sýslumaður með því skilyrði, að leyfisbeiðandi fullnægi fyrirmælum 37. gr., þegar úttektargerð fer fram. Sá, sem leyfi fær, skal greiða 10 kr. á ári, er renni í sýslusjóð.

37. gr.

Yrðlingaeldi er bannað nema í húsum með steinlímum veggjum, stein-

- 69** lögðu gólfi og öruggum útbúnaði um glugga, járnrimla og dyr. Skal hlutaðeig-
 30. ágúst andi hreppstjóri, með lögskipuðum úttektarmanni, taka hús þessi út og meta, hvort tryggilega er frá þeim gengið. — Sje þeim á nokkurn hátt áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það ekki þegar, skal hreppstjóri tafarlaust kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar refaeldismaður, eins og venja er til um aðrar úttektir.

38. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi; skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að refir eru komnir í eldi, telja yrðlinga hjá hverjum refaeldismanni, og líta um leið eftir, að refaeldishúsum sje vel við haldið; þegar refadrápi er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun. Leggur refaeldismaður þá fram refabelgina til talningar; vant nokkuð á töluna frá því um vorið, tilkynnir hreppstjóri það þegar sýslumanni, og sektast refaeldismaður fyrir hvern belg, sem á vantar, eins og dýrið hafi sloppið, nema sannað sje, að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgar refaeldismaður.

39. gr.

Fyrir hvern yrðling, sem sleppur hjá refaeldismanni, greiðir hann 200 króna sekt.

40. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

41. gr.

Refaeldi sje lokið 1. apríl ár hvert.

IV. Ýmisleg ákvæði.

42. gr.

Heimilt er hverri sveitarstjórn að láta eigendur reka tryppi sín á af-rjett, ef þurfa þykir, og skipa nákvæmar fyrir um það. Sektum varðar, ef brotið er gegn þeim ákvörðunum sveitarstjórnar.

43. gr.

Alla reikninga yfir kostnað, sem um er talað í reglugjörð þessari, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn rannsaka og laga, ef þörf þykir og samþykkja síðan, áður en borgað sje eftir þeim. Tekur sveitarstjórn kvittun fyrir alt það, sem borgað er af sveitarsjóði.

44. gr.

[69

Öll afbrigði frá reglum, sem settar eru í reglugjörð þessari, varða eftir 30. ágúst málavöxutm, sektum, hvort sem þær eru nefndar hér að framan eða ekki. Sektir skal ákveða minst 10 kr., mest 400 kr. Sektir renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

45. gr.

Nú rís ágreiningur útaf ákvæðum reglugjörðarinnar og varðar ágreiningurinn Seyðisfjarðarkaupstað, skera þá sýslunefndir og bæjarstjórnin úr ágreiningnum á sameiginlegum fundi og ræður þar afl atkvæða.

46. gr.

Allar eldri reglugjörðir um fjallskil og refaveiðar í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað eru með reglugjörð þessari úr gildi feldar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestmannaeyjakaupstað.

70

30. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað:

I. KAFLI.

e *Takmörk hafnarinnar.*

1. gr.

Vestmannaeyjahöfn skiftist í: